

# Vinnureglur mótanefndar KKÍ

Vinnureglur þessar skulu hafðar að leiðarljósi við starf mótanefndar. Reglurnar eru settar fram til að takast á við helstu verkefni nefndarinnar. Mótanefnd ber að starfa samkvæmt reglunum öllu jöfnu, þó er ljóst að almennar reglur sem þessar geta aldrei náð yfir öll tilvik sem upp geta komið eða öll verkefni mótanefndar.

Þar sem vinnureglur annars vegar og reglugerð um körfuknattleiksmót og reglugerð um mótanefnd hins vegar skarast þá hafa ákvæði reglugerðar meira vægi.

Mótanefnd leggur ríka áherslu á að mótahaldið sé vel skipulagt og að regla sé á þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á leikjaskrá sambandsins. Það leggur þá skyldu á hendur aðildarfélög KKÍ að skipuleggja starf sitt með hliðsjón af leikjaskrá hverju sinni. Komi til þess að breyta þurfi niðurröðun leikja skal það gert með góðum fyrirvara í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Samþykkt af mótanefnd KKÍ 20. maí 2024



# Vinnureglur mótanefndar KKÍ vegna frestana leikja og móta

Vinnureglur þessar eru hafðar að leiðarljósi þegar kemur að því að fresta leik eða leikjum. Það er á verksviði mótanefndar að fresta leikjum. Félög sem fresta leikjum að eigin frumkvæði, hvort sem er í sameiningu eða með einhliða ákvörðun þurfa að hlíta viðurlögum þeim er lýst er í reglugerð um körfuknattleiksmót.

## Úrvals- og 1. deildir

Frestanir leikja í tveimur efstu deildum karla og kvenna fylgja eftirfarandi reglum og viðmiðum.

1. Frestun leiks er neyðarúrræði þar sem ljóst er að ekki verður hægt að leika skv. leikjaskrá KKÍ vegna utanaðkomandi ástæðna.
2. Frestun leiks vegna veðurs er aðeins gerð að fenginni ráðleggingum frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands eða Lögreglunni. Frestun leiks vegna veðurs er því aðeins framkvæmd ef ófært er á leikstað og engin önnur leið fær.
3. Leikjum er almennt ekki frestað vegna veikinda, nema að beiðni yfirvalda.
4. Að jafnaði er leik frestað á leikdag ef ljóst er að ekki verði fært sbr. lið 2.

## Aðrar deildir og flokkar – deildarkeppni

Frestanir leikja í öðrum deildum og flokkum er leika í deildarkeppni (heima og að heiman) fylgja eftirfarandi reglum og viðmiðum.

1. Frestun leiks er neyðarúrræði þar sem ljóst er að ekki verður hægt að leika skv. leikjaskrá KKÍ vegna utanaðkomandi ástæðna.
2. Frestun leiks vegna veðurs er aðeins gerð að fengnum ráðleggingum frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands eða Lögreglunni. Frestun leiks vegna veðurs er því aðeins framkvæmd ef ófært er á leikstað og engin önnur leið fær.
3. Leikjum er almennt ekki frestað vegna veikinda, nema að beiðni yfirvalda.
4. Þyki vera yfirgnæfandi líkur á því, skv. lið 2, að ekki verði fært á leikstað á leikdag getur mótanefnd frestað leik degi áður.

## Yngri flokkar – fjölleiksmót

Frestanir leikja eða móta í yngri flokkum er leika í fjölleiksmótum fylgja eftirfarandi reglum og viðmiðum.

1. Frestun leiks eða móts er neyðarúrræði þar sem ljóst er að ekki verður hægt að leika skv. leikjaskrá KKÍ vegna utanaðkomandi ástæðna.
2. Frestun leiks eða móts vegna veðurs er aðeins gerð að fengnum ráðleggingum frá Vegagerðinni, Veðurstofu Íslands eða Lögreglunni. Frestun leiks eða móts vegna veðurs er því aðeins framkvæmd ef ófært er á leikstað og engin önnur leið fær.
3. Leikjum eða mótum er almennt ekki frestað vegna veikinda.



4. Þegar ferðast þarf milli landshluta í mót skal almennt ferðast degi fyrir upphaf móts. Ef ófært er á ferðadegi skal ferðast á leikdegi.
5. Þyki vera yfirgnæfandi líkur á því, skv. lið 2, að ekki verði fært á leikstað á leikdag getur mótanefnd frestað leik eða móti degi áður.
6. Móti verður ekki frestað þótt útlit sé fyrir ófærð á heimferðardegi af fjölíðamóti.



# Niðurröðun leikja í úrvalsdeildum karla og kvenna

Mótanefnd leggur ríka áherslu á að umferðir úrvalsdeilda haldist saman, þar sem keppni í úrvalsdeildum er flaggskip keppnisdagatals KKÍ.

1. Félög skulu hafa einn tengilið við mótanefnd KKÍ fyrir félagið vegna leikja og mótahalds.
2. Leikjum skal raðað niður á leikdaga samkvæmt keppnisdagatali. Keppnisdagatal skal gefið út skv. reglugerð.
3. Félög sem skrá sig til leiks í úrvalsdeild gera sér grein fyrir því að leikir skuli að jafnaði fara fram samkvæmt keppnisdagatali KKÍ.
4. Leikir í úrvalsdeild skulu alla jafna ekki færðir til nema vegna beinna sjónvarpsútsendinga eða veðurs.
5. Félög í úrvalsdeild geta óskað eftir því að heimaleikir fari fram degi fyrir eða degi eftir áætlaðan leikdag samkvæmt keppnisdagatali. Fyrir því skulu liggja málefnalegar ástæður, sem félagi er skylt að láta mótanefnd í té. Mótanefnd getur hafnað færslu leikja ef hún telur tilefni til.
6. Beiðnir félaga í úrvalsdeild um færslu leikja út fyrir leikdaga samkvæmt keppnisdagatali og samkvæmt 4. lið er alla jafna hafnað.
7. Að öðru leyti er vísað í reglugerð um mótanefnd.



# Æfingaleikir

## Sameiginlegar reglur mótanefndar og dómaranefndar

Vinnureglur þessar eru hafðar að leiðarljósi þegar kemur að því að svara félögum sem óska eftir dómurum á æfingaleiki, óháð því í hvaða aldursflokk um ræðir.

Nefndirnar leggja mikla áherslu á að skipulag allra leikja og niðurröðun dómara sé unnið með góðum fyrirvara.

1. Félög skulu hafa einn tengilið við mótanefnd KKÍ fyrir félagið vegna leikja og mótahalds.
2. Beiðnir vegna dómara á æfingaleiki skulu berast með minnst sjö daga fyrirvara.
3. Beiðni um dómara á æfingaleiki fylgir skráning í mótakerfi KKÍ. Um þá æfingaleiki gilda sömu reglur og aðra leiki í Íslandsmótum og bikarkeppnum varðandi skil á úrslitum. Um þá leiki gilda öll sektarákvæði reglugerða.
4. Dómaranefnd útvegar ekki dómara á leiki nema að undanfarin skilyrði séu uppfyllt.
5. Að öðru leyti er vísað í reglugerð um körfuknattleiksmót, reglugerð um mótanefnd og reglugerð um dómaranefnd.



## Íslandsmót yngri flokka

Mótanefnd leggur ríka áherslu á að Íslandsmót yngri flokka fari vel fram og sé leikið samkvæmt ákvæðum reglugerðar um körfuknattleiksmót. Vinnureglurnar eru settar fram til þess að taka á atvikum sem ekki eru sérstaklega nefnd í reglugerð, sem og til að skýra ákveðin atriði frekar.

### 9. flokkur og eldri

Vinnureglur þessar eru hafðar að leiðarljósi þegar kemur að niðurröðun Íslandsmóts yngri flokka, 9., 10., 11., 12. og ungmennaflokks, þar sem keppt er í deildarfyrirkomulagi.

Íslandsmót 9., 10., 11., 12. og ungmennaflokks er leikið í deildarfyrirkomulagi, þar sem leikið er heima og heiman. Leikjafjöldi í umræddum flokkum er fastur, óháð fjölda þátttökuliða. Til að mótið gangi vel þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga.

1. Félög skulu hafa einn tengilið við mótanefnd KKÍ fyrir félagið vegna leikja og mótahalds.
2. Mótum skal raðað niður á leikdaga samkvæmt keppnisdagatali yngri flokka. Keppnisdagatal skal gefið út skv. reglugerð.
3. Félög sem skrá lið til leiks í umræddum flokkum gera sér grein fyrir því að skipuleggja þarf heimaleiki í samræmi við leikjafjölda hvers flokks.
4. Mót eru skipulögð í samræmi við 25. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.
5. Starfsmönnum mótanefndar er uppálagt að ganga á eftir því að úrslitum sé skilað í samræmi við reglur þar að lútandi, svo staða móts sé rétt og uppfærð á heimasíðu KKÍ.
6. Leikjum er að jafnaði ekki frestað nema vegna veðurs og þá einungis af starfsmönnum mótanefndar í samræmi við vinnureglur um frestanir leikja.
7. Að öðru leyti er vísað í reglugerð um körfuknattleiksmót og reglugerð um mótanefnd.

### 7.-8. flokkur

Íslandsmót 7. og 8. flokks er leikið í fjöllíðamótsfyrirkomulagi, þar sem mörg lið koma saman á sama stað, eina helgi til að leika eina umferð. Til að mótið gangi vel þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga.

1. Félög skulu hafa einn tengilið við mótanefnd KKÍ fyrir félagið vegna leikja og mótahalds.
2. Mótum skal raðað niður á leikdaga samkvæmt keppnisdagatali yngri flokka. Keppnisdagatal skal gefið út skv. reglugerð.
3. Mót eru skipulögð samkvæmt 25. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.
4. Mótanefnd reynir eftir fremsta megni að gefa út niðurröðun fjöllíðamóts þremur dögum eftir að skráningu lýkur.



5. Mótastjóra er uppálagt að ganga á eftir því að úrslitum sé skilað í samræmi við reglur þar að lútandi, svo hægt sé að byrja niðurröðun næstu móta við fyrsta tækifæri.
6. Fjölliðamót skulu fara fram samkvæmt reglum og reglugerð. Fjölliðamótum er alla jafna ekki frestað nema vegna veðurs. Það er gert degi fyrir fyrsta leik móts þegar svo ber við. Móti verður ekki frestað þótt útlit sé fyrir ófærð á heimferðardegi af fjölliðamóti.
7. Að öðru leyti er vísað í reglugerð um körfuknattleiksmót og reglugerð um mótanefnd.

## Minnibolti

Vinnureglur þessar eru hafðar að leiðarljósi þegar kemur að niðurröðun Íslandsmóts í minnibolta 10 og 11 ára.

Mótanefnd leggur ríka áherslu á að Íslandsmót í minnibolta fari vel fram. Mikilvægt er að gæta þess að mótin verði ekki of stór án þess að hamla liðum sem skipuð eru leikmönnum á réttum aldri þátttöku. Vinnureglurnar eru settar fram til þess að taka á atvikum sem ekki eru sérstaklega nefnd í reglugerð.

1. Félög skulu hafa einn tengilið við mótanefnd KKÍ fyrir félagið vegna leikja og mótahalds.
2. Íslandsmót í minnibolta er fyrst og síðast fyrir þann árgang sem keppt í er hverju sinni. Ekki er gert ráð fyrir að lið skipuð að meirihluta leikmönnum sem eru yngri en umræddur árgangur taki þátt í mótum. Lið skulu því að meirihluta skipuð leikmönnum á réttum aldri. Mótanefnd er því heimilt að hafna skráningu þeirra liða sem eru að mestu eða öllu leyti skipuð yngri leikmönnum.
3. Mót eru skipulögð samkvæmt 25. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.
4. Mótanefnd reynir eftir fremsta megni að gefa út niðurröðun fjölliðamóts þremur dögum eftir að skráningu lýkur.
5. Fjölliðamót skulu fara fram samkvæmt reglum og reglugerð. Fjölliðamótum er alla jafna ekki frestað nema vegna veðurs. Það er gert degi fyrir fyrsta leik móts þegar svo ber við. Móti verður ekki frestað þótt útlit sé fyrir ófærð á heimferðardegi af fjölliðamóti.
6. Að öðru leyti er vísað í reglugerð um körfuknattleiksmót og reglugerð um mótanefnd.



## Lið mætir ekki til leiks

Mótanefnd leggur ríka áherslu á að Íslandsmót yngri flokka fari vel fram og séu leikin samkvæmt ákvæðum reglugerðar um körfuknattleiksmót. Vinnureglurnar eru settar fram til þess að taka á atvikum sem ekki eru sérstaklega nefnd í reglugerð, sem og til að skýra ákveðin atriði frekar.

Þessum hluta vinnureglna er ætlað að skýra hvernig tekið er á því þegar lið mæta ekki til leiks, en að öðru leyti er þá vísað í reglugerð um körfuknattleiksmót og 10. grein reglugerðarinnar sem fjallar um það þegar lið mæta ekki til leiks.

### Meistaraflokkar

Mæti lið ekki til löglega boðaðs leiks þá verður þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 10. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót beitt. Við útreikning ferðakostnaðar er miðað við útreiknaðan kostnað sem mótanefnd gefur út vegna jöfnunar ferðakostnaðar í bikarkeppni KKÍ. Miðað er við 12 leikmenn og 4 starfsmenn við útreikning. Upphæð tekur margfeldi af tveimur þar sem upphæðir úr töflu vegna jöfnunar ferðakostnaðar í bikarkeppni KKÍ sýnir kostnað af einum legg ferðar.

### Yngri flokkar, 9. flokkur og eldri

Mæti lið ekki til löglega boðaðs leiks þá verður þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 10. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót beitt. Við útreikning ferðakostnaðar er miðað við útreiknaðan kostnað sem mótanefnd gefur út vegna jöfnunar ferðakostnaðar í bikarkeppni KKÍ. Miðað er við 10 leikmenn og 1 starfsmann við útreikning. Upphæð tekur margfeldi af tveimur þar sem upphæðir úr töflu vegna jöfnunar ferðakostnaðar í bikarkeppni KKÍ sýnir kostnað af einum legg ferðar.

### Fjölíðamót minnibolta, 7. og 8. flokks

Mæti lið ekki til fjölíðamóts þá verður þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 10. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót beitt. Við útreikning ferðakostnaðar er miðað við útreiknaðan kostnað sem mótanefnd gefur út vegna jöfnunar ferðakostnaðar í bikarkeppni KKÍ. Miðað er við 8 leikmenn og 1 starfsmann við útreikning. Upphæð tekur margfeldi af tveimur þar sem upphæðir úr töflu vegna jöfnunar ferðakostnaðar í bikarkeppni KKÍ sýnir kostnað af einum legg ferðar. Jafnframt leggst áætlaður gistikostnaður ofan á og er þá miðað við gistingu fyrir 9 einstaklinga í gistingu þann tíma sem nauðsynlegt er að gista á keppnisstað.